



Akureyrarbær
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skipti:	10.7.2
Innk.	1 5. JÚLÍ 2008
Abn:	HC
Sl.R.	08070199

Akureyri, 14. júlí 2008
2008040091 / 01-730

Efni: Byggðakvóti handa Hrísey - fiskveiðiárið 2007-2008

Með vísan í 2. gr. reglugerðar nr. 605/2008 óskar Akureyrarkaupstaður eftir að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta til skipa skráðra í Hrísey á eftirfarandi hátt:

- Að 90% byggðakvótans verði úthlutað jafnt á þá báta sem gerðir hafa verið út í að minnsta kosti 9 mánuði á síðustu 12 mánuðum.
 - Að 10% byggðakvótans verði úthlutað samkvæmt reglugerð nr. 605/2008 á aðra báta sem gerðir eru út hluta úr ári.
 - Að heimilt verði að flytja byggðakvóta milli fiskiskipa í eigu sömu útgerðar.
- Jafnframt er ítrekuð bókun bæjarráðs frá 10. júlí sl:

"Byggðakvóti handa Hrísey - fiskveiðiárið 2007-2008 2008040091

Erindi dags. 27. júní 2008 frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu þar sem tilkynnt er um úthlutaðan byggðakvóta vegna Hríseyjar á fiskveiðiárinu 2007 til 2008.

Bæjarráð lýsir verulegri óánægju með þá miklu lækkun á úthlutuðum byggðakvóta til Hríseyjar sem hér um ræðir.

Í 4. gr. reglugerðar nr. 637/2008 segir m.a.: "Komi í ljós veruleg breyting á reiknuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein skal ráðuneytið kanna, hvort raunverulegar breytingar hafi orðið á útgerð eða botnfiskvinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Hafi svo ekki orðið er heimilt að halda úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein óbreyttum frá úthlutun fiskveiðiárið 2006/2007."

Bæjarráð skorar á sjávarútvegsráðherra að endurskoða úthlutun byggðakvóta til byggðarlagsins Hríseyjar á þessum forsendum."

Virðingarfyllt
f.h. bæjarstjóra

Dagný Harðardóttir

Dagný Harðardóttir
skrifstofustjóri Ráðhúss